

Hafnarfjarðarbær  
Norðurhella 2  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10. september 2020  
UST202009-069/P.V.B.  
09.07.01

**Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda-lagning gönguleiðar innan fólkvangsins Hleinar**

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Hafnarfjarðarbæjar, dagsett 7. september 2020, um leyfi til hellulagningu gönguleiðar innan fólkvangsins Hleinar.

Hleinar eru friðlýstir sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 399/2009. Akstur vélknúinna farartækja utan akvega er óheimill í fólkvanginum. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar.

**Lýsing verkefnis:**

Óskað er eftir leyfi til að helluleggja gönguleið að bekk sem er við bílastæði innan fólkvangsins Hleinar. Sett verður sandur í undirlagið og vínarsteinn lagður ofan á að bekknunum og u.p.b. 1 meter umhverfis hann. Framkvæmd fer fram í september 2020. Að framkvæmdinni kemur einn starfsmaður og er ráðgert að hún taki einn dag.

**Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Vegfarendur munu verða fyrir tímabundnum truflunum á meðan framkvæmd fer fram. Framkvæmd fer fram á áður röskuðu svæði og er ætlað að bæta aðgengi vegfarenda að bekknunum sem vegur á móti neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarbæ fyrir sitt leyfi fyrir lagningu gönguleiðar innan fólkvangsins Hleinar sbr. lýsingu hér að ofan í september 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.

- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
sérfræðingur



Magnús Freyr Sigurkarlsson  
sérfræðingur

